

Þriðjudaginn 27. febrúar 1990.

Nr. 65/1990.

Óskar Björnsson

gegn

Sigurði Ólasyni,

Steinunni Tómasdóttur,

Sigfríði Sigurðardóttur,

Tómasi Ólafssyni og

Margréti Hjartardóttur.

Kærumál. Meðalganga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili, Óskar Björnsson, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15. janúar 1990. Kærður er forsendulaus úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 19. desember 1989 svohljóðandi:

„Kröfu Óskars Björnssonar um meðalgöngu í málinu er synjað.“

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þann veg, að meðalgangan komist að í málinu.

Varnaraðili Sigurður Ólason krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Aðrir varnaraðilar gera engar kröfur fyrir Hæstarétti, en í þinghaldi í héraði 18. desember sl. lýstu þeir þeirri skoðun sinni, að heimila ætti meðalgönguna.

I.

Héraðsdómariinn, Pétur Bjarni Magnússon, fulltrúi yfirborgardómara, hefur samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, gert eftirfarandi grein fyrir forsendum og ástæðum fyrir úrskurðinum:

„Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á tveimur skuldabréfum með lánskjaravísitölu og er greiðsla þeirra tryggð með sjálfskuldarábyrgð. Stefndu eru skuldari bréfsins og þrír sjálfskuldarábyrgðarmenn.

Í báðum skuldabréfunum sem stefnandi hefur lagt fram í málinu er hann skráður skuldareigandi og þau hafa eigi verið framseld. Í

skuldabréfunum viðurkennir útgefandi einhliða skyldu sína til að greiða stefnanda peningagreiðslu.

Stefnandi kveðst reka málið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, en samkvæmt ákvæðum í skuldabréfunum er það heimilt.

Meðalgöngustefnandi gerir kröfu til þess að sér verði dæmd skuldin samkvæmt skuldabréfunum. Telja verður að þótt sú sé krafan, þá verði með hana að fara eftir ákvæðum 208. gr. laga nr. 85/1936, en greinin hefur að geyma undantekningar frá þeirri aðalreglu að varnir um efni máls sem fara eftir XVII. kafla laganna verði ekki hafðar uppi. Stefnandi hefur ekki veitt samþykki sitt til þess að kröfur meðalgöngustefnanda komist að í málinu. Ekki verður séð að meðalgöngustefnandi komi að í málinu, vegna ákvæða 208. gr. laga nr. 85/1936, þeirri kröfu, að sér verði dæmd skuldin fremur en stefndu gætu komið að þeirri kröfu að þeim bæri að greiða skuldina öðrum en skuldareiganda samkvæmt skuldabréfinu. Samkvæmt þessu verður krafa Óskars Björnssonar um meðalgöngu í málinu ekki tekin til greina.“

II.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 má hafa uppi þá vörn í máli, sem rekið er eftir XVII. kafla þeirra laga, að mál sé höfðað af röngum aðila. Sóknaraðili kveðst vera eigandi bréfanna, sem varnaraðili Sigurður Ólason byggir málsóknina á, og sé sóknaraðili þannig réttur aðili að stefnukröfunni í héraði. Ekki er þannig loku fyrir það skotið, að úrslit málsins kunni að skipta hann máli að lögum. Hinum kærða úrskurði er því hrundið og meðalgangan heimiluð samkvæmt 50. gr. laga nr. 85/1936.

Varnaraðili, Sigurður Ólason, skal greiða sóknaraðila 10.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinum kærða úrskurði er hrundið. Sóknaraðila, Óskari Björnssyni, skal meðalganga heimil.

Varnaraðili, Sigurður Ólason, greiði sóknaraðila 10.000 krónur í kærumálskostnað.